

**2005 nr. 15 10. mars****Lög um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað**

Tóku gildi 22. mars 2005. Breytt með l. 143/2006 (tóku gildi 1. jan. 2007), l. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011), l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011), l. 38/2012 (tóku gildi 26. maí 2012) og l. 117/2016 (tóku gildi 1. jan. 2018, nema 52., 53., 75., 76. og 79.–81. gr. sem tóku gildi 28. okt. 2016).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnavið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **dómsmálaráðherra** eða **dómsmálaráðuneyti** sem fer með lög þessi.

**■ 1. gr. Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað.**

□ Í Stjórnartíðindum skal birta öll lög, stjórnvaldsfyrirmæli og samninga við önnur ríki, svo og auglýsingar varðandi gildi þeirra.

□ Í Lögbirtingablaði skal birta dómsmálaauglýsingar, svo sem stefnur til dóms, úrskurði um töku búa til opinberra skipta og áskoranir um kröfufylsingar, auglýsingar um skiptafundi og skiptalok þrotabúa, nauðungarsölur, þar á meðal á fasteignum búa sem eru til opinberra skipta, auglýsingar um vogrek, óskilafé og fundið fé, auglýsingar um kaupmála hjóna, lögfræðissviptingu og brottfall hennar, lögboðnar auglýsingar um félög og firmu, sérleyfi er stjórnvöld veita, opinber verðlagsákvæði og annað það er stjórnvöldum þykir rétt að birta almenningi.

**■ 2. gr. A-deild Stjórnartíðinda.**

□ Í A-deild Stjórnartíðinda skal birta lög öll, auglýsingar og aðrar tilkynningar almenns efnis sem út eru gefnar af æðsta handhafa framkvæmdarvaldsins, svo og reglur sem Alþingi kann að setja um framkvæmd almennra málefna í þingsályktunum.

□ Við birtingu laga í A-deild Stjórnartíðinda, sem sett eru til að lögleiða samninga við önnur ríki og breytingar á þeim, þar á meðal EES-reglur, er heimilt að vísa til birtingar skv. 4. gr. laganna. Þó á það ekki við um birtingu skv. 2. mgr. 4. gr. nema annað verði ákveðið með lögum.

**■ 3. gr. B-deild Stjórnartíðinda.**

□ Í B-deild Stjórnartíðinda skal birta reglugerðir, samþykktir og auglýsingar sem gefnar eru út eða staðfestar af ráðherra, reikninga sjóða, ef svo er mælt í staðfestum skipulagsákvæðum þeirra, úrslit alþingiskosninga sem tilkynnt hafa verið á árinu og heiðursmerki, nafnbætur og heiðursverðlaun sem ríkisstjórnin veitir. Einnig skal þar birta reglur sem stjórnvöldum og opinberum stofnunum, öðrum en ráðuneytum, er falið lögum samkvæmt að setja.

□ Við birtingu stjórnvaldsfyrirmæla í B-deild Stjórnartíðinda, sem sett eru til að lögleiða samninga við önnur ríki og breytingar á þeim, þar á meðal EES-reglur, er heimilt að vísa til birtingar skv. 4. gr. laganna. Þó á það ekki við um birtingu skv. 2. mgr. 4. gr. nema með leyfi [ráðherra].<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 178. gr.

**■ 4. gr. C-deild Stjórnartíðinda.**

□ Í C-deild Stjórnartíðinda skal birta samninga við önnur ríki og auglýsingar varðandi gildi þeirra. Birting ákvæðana sameiginlegu EES-nefndarinnar og þeirra gerða, sem þar er vísað til, í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins telst jafngild birting að þessu leyti.

□ Heimilt er að birta eingöngu erlendan frumtexta milli-ríkjasamnings ef samningurinn varðar afmarkaðan hóp manna sem með sanngirni má ætlast til að skilji hið erlenda mál vegna menntunar sinnar eða annarrar sérhæfingar.

**■ 5. gr. Vafamál um hvar birta skuli.**

□ Vafamál um það hvar birta skuli atríði þau er í 1.–4. gr. segir, eða hvort erindi skuli birt eða eigi, ákveður [ráðherra].<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 178. gr.

**■ 6. gr. Útgáfa Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs.**

□ [Ráðuneytið]<sup>1)</sup> gefur Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað út. [[Ráðherra]<sup>2)</sup> er heimilt að fela sýslumanni að annast útgáfu Lögbirtingablaðs.<sup>3)</sup>

□ Skýlt er stjórnvöldum að fá útgefanda handrit af hverju því sem afgreitt hefur verið og birta ber í Stjórnartíðindum eða Lögbirtingablaði.

□ [Ráðherra]<sup>2)</sup> kveður á um gjöld fyrir auglýsingar er aðilar eiga að greiða. Einnig getur [ráðherra]<sup>2)</sup> sett fyrirmæli<sup>4)</sup> um annað er að útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs lýtur.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 396. gr. <sup>2)</sup> L. 162/2010, 178. gr. <sup>3)</sup> L. 143/2006, 24. gr. <sup>4)</sup> Rg. 623/2005, sbr. 1121/2006 og 1152/2014. Rg. 958/2005.

**■ 7. gr. Heimild til rafrænnar útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs.**

□ [Ráðherra]<sup>1)</sup> getur ákveðið að Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað skuli, að hluta eða í heild, eingöngu gefin út og þeim dreift á rafrænan hátt. Við rafræna útgáfu skal tryggja öryggi og áreiðanleika birtra upplýsinga og að þær varðveitist á varanlegan hátt. Rafrænni útgáfu Lögbirtingablaðs skal hagað þannig, eftir því sem tæknilega er unnt, að komið sé í veg fyrir úrvinnslu og samtengingu persónuupplýsinga sem birtar eru. Við rafræna útgáfu skal útgáfudagur tilgreindur.

□ Haga skal útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs þannig að vél- og hugbúnaður sem flestra nýtist. Verði útgáfa Stjórnartíðinda eða Lögbirtingablaðs eingöngu rafræn skulu þeir sem þess óska geta keypt Stjórnartíðindi eða Lögbirtingablað í prentuðu formi í áskrift eða fengið einstök töluþlöð send gegn greiðslu kostnaðar af prentun þeirra og sendingu. Fyrir rafrænan aðgang að Lögbirtingablaði skal greiða gjald samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs.

□ [Ráðherra]<sup>1)</sup> mælir í reglugerð nánar fyrir um rafræna útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs, þar á meðal um gagnaöryggi, varðveislu gagna og persónuvernd.

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 178. gr.

**■ 8. gr. Réttaráhrif birtingar.**

□ Fyrirmælum, er felast í lögum, auglýsingum, reglugerðum, samþykktum eða öðrum slíkum ákvæðum almenns efnis, má eigi beita fyrr en birting í Stjórnartíðindum hefur farið fram, nema þau geymi ákvæði algerlega einkamálaeðlis og aðilar hafi komið sér saman um að skipti þeirra skuli fara eftir óbirtum fyrirmælum. Óbirt fyrirmæli binda þó stjórnvöld frá gildistöku þeirra.

□ Birt fyrirmæli skulu binda alla frá og með deginum eftir útgáfudag þeirra Stjórnartíðinda þar sem fyrirmælin voru birt ef þau geyma ekki aðrar ákvarðanir um gildistöku sína.

**■ 9. gr. Lagasafn.**

□ Ráðherra sér um útgáfu lagasafns. Útgáfa lagasafns getur verið í rafrænu eða prentuðu formi. Ráðherra er heimilt að fela öðrum að sjá um útgáfu lagasafns. Komi fram misræmi milli texta í útgáfu lagasafns og þess texta sem birtur er í A-deild Stjórnartíðinda gildir texti Stjórnartíðinda, sbr. 2. gr.

□ Með ábyrgð og umsjón á útgáfu lagasafns fer sérstök þriggja manna ritstjórn sem ráðherra skipar til fimm ára í senn. Skal einn tilnefndur af forseta Alþingis, en tvo skipar ráðherra án tilnefningar og skal annar þeirra vera ritstjóri og fullnægja skilyrðum til að gegna embætti héraðsdómara, að undanskildu skilyrði [5. mgr. 52. gr.]<sup>1)</sup> laga um dómstóla.

Ráðherra tekur ákvörðun um útgáfu lagasafns í prentuðu formi, að fenginni tillögu ritstjórnar.

Heimilt er að selja prentuð eintök af lagasafni gegn gjaldi sem nemur kostnaði við vinnu, undirbúning og umsjón með útgáfu þess, prentun og sölu. Skal gjaldið renna til greiðslu

kostnaðar af prentuðu útgáfunni.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 117/2016, 71. gr. <sup>2)</sup> L. 38/2012, 1. gr., sbr. einnig brbákv. í s.l.

■ [10. gr.]<sup>1)</sup> *Gildistaka.*

Lög þessi öðlast þegar gildi.

. . .

<sup>1)</sup> L. 38/2012, 1. gr.

ELDDRI ÚTGÁFA